



Helga Kolbeinsdóttir

Eftir nokkra umhugsun og hvatningu hef ég ákveðið að bjóða fram krafta mína í aðalstjórn Hundaræktarfélags Íslands (og varastjórn til vara)

Það má eiginlega segja að ég hafi “farið í hundana” daginn sem systir mín kom heim með pínulíttinn “naggrís” sem reyndist svo vera dásamlegur Chihuahua rakki sem ég fékk að láni við hvert tækifæri, enda langað í hund frá því ég man eftir mér. Ég einsetti mér því snemma að eignast minn eigin hund og hef átt tegundina mína, Tíbet spaniel, frá árinu 2005. Ég lét svo gamlan draum rætast

þegar ég sótti um ræktunarnafnið Sedalia's árið 2015.

Hundarnir mínir hafa sannarlega auðgað líf mitt og ekki síður sá félagsskapur sem ég hef fengið að kynnast í kringum hundaeign og þeir ófáu dýrmætu vinir sem ég hef eignast fyrir tilstilli þeirra. Hundaræktarfélagið hefur unnið ötult starf gegnum árin og langar mig að bjóða fram krafta mína á þeim fjölbreytta vettvangi sem félagið starfar í þágu allra hundaeigenda.

Ég kynntist starfi félagsins snemma og í gegnum árin hef ég verið virk í Tíbet spanieldeildinni, sat um tíma í stjórn og hef séð um heimasíðu deildarinnar. Ég eignaðist Chihuahua-tík árið 2010 og kynntist í kjölfarið starfi Chihuahua-deildarinnar hér á Íslandi sem og í Noregi.

Það hafði mótandi áhrif á mig sem hundaeiganda að búa í Noregi í sex ár með hundana mína, bæði sem námsmaður og síðar starfandi prestur. Ég var virkur félagsmaður í Norska hundaræktarfélaginu (NKK), sótti sýningar, tók þátt í viðburðum á vegum Chihuahua klúbbsins sem og Tíbet spaniel klúbbsins, aðstoðaði við tegundakynningar og margt fleira. Ég stundaði einnig hundafimi og nýtti mér þau fjölmörgu tilboð sem NKK bauð upp á gegnum klúbbastarfsemi sína.

Hundamenningin í Noregi er um margt frábrugðin því sem við þekkjum hér á Íslandi, eins og kannski margir vita. Fyrir mér er það góða viðhorf sem ég kynntist þar og fékk að venjast í garð hunda eitthvað sem ég vil að við fáum einnig að njóta á Íslandi. Ég vil vinna að bættri hundamenningu þar sem hundar eru álitnir fullgildir fjölskyldumeðlimir sem bæta geð og heilsu fólks umfram allt. Þegar hefur verið unnið mikið og gott starf af hálfu stjórnar í að bæta viðhorf og ímynd hunda á Íslandi og vil ég gjarnan fá tækifæri til að vinna áfram að þessu verðuga verkefni félagsins.

Ég hef oftast en einu sinni flutt búferlum með hundana mína frá Noregi til Íslands og fagnaði því eins og eflaust margir aðrir hundaeigendur þegar einangrunartíminn var stytur niður í tvær vikur, að miklu leyti fyrir tilstilli ötullar vinnu stjórnar og aðila í HRFÍ. Ferlið er þó enn íþyngjandi bæði fyrir hundana sem eru aðskildir frá eigendum sem og fjárhagslega fyrir eigendur og ræktendur og nauðsynlegt að halda áfram að knýja fram breytingar til góðs í þessum málaflokki.

Eðli málsins samkvæmt höfum við ekki úr jafnmörgum sýningum að velja og nágrannaþjóðir okkar og ég er þakklát fyrir vinnu félagsins og ötult starf sjálfboðaliða, sem hafa gert okkur kleift að halda sýningar eins oft og raun ber vitni. Mig langar að skoða fleiri leiðir til að virkja félagsmenn til þátttöku á sýningum (þegar aðstæður leyfa) og kanna hvort við gætum nýtt okkur samskonar úrræði og hafa veitt góða raun í Noregi. Sem dæmi má nefna “fullstiga regluna” (*fullcert ordningen*) sem gerir það að verkum að ekki er hægt að safna fleiri meistarastigum fyrir hvern hund en þau sem nýtast í meistaratitil, og meistarastig ganga því niður til þeirra sem geta nýtt sér þau. Þetta gæti hentað okkur í ljósi þess hve fáum sýningum við höfum úr að velja samanborið við stærri þjóðir sem eiga einnig auðveldara með að fara til útlanda að sýna hundana sína.

Ég hef í gegnum tíðina verið í stjórnnum félagasamtaka, sem og starfað á þeim vettvangi og hef mikla reynslu af því að starfa í umhverfi þar sem allt ríður á að virkja sjálfboðaliða til þátttöku í starfinu og nauðsynlegt er að leita stöðugt nýrra leiða til fjáröflunar. Ég tel að sú reynsla og þekking sem mér hefur safnast á þessu sviði gæti komið til góða í stjórn félagsins.

Mér þykir vænt um okkar góða félag og væri þakklát fyrir tækifærið að vinna öflugt starf með stjórninni, skyldu félagsmenn kjósa mig til þeirra verka.